


VEIÐIMÁLASTOFNUNIN



Athugun á laxastofnum Leirvoggsár og
Köldukvíslar 1986.

Sigurður Guðjónsson 1986
VMSTR 86028

VEIÐIMÁLASTOFNUN

EINTAK BÓKASAFNS

VMST-R/86028

Formáli

Seiðasleppingar í Leirvogsa

Í Leirvogsa hefur verið sleppt seiðum af hálfu leigutaka, Stangveiðifélags Reykjavíkur, í allmörg ár. Bæði hefur verið sleppt smáseiðum svo og gönguseiðum.

Smáseiðasleppingar

Arið 1985 var Veiðimálastofnun fengin til að fylgjast með þessum sleppingum svo og að rannsaka ána. Rannsókn sú leiddi í ljós að smáseiðum hafði verið sleppt í ána á fiskgenga hluta árinna þar sem nóg var af seiðum. Einnig kom fram að seiðunum var sturtað á nokkrum stöðum í ána í stað þess að dreifa þeim líkt og áður (um það bil 1 seiði á 2 m²) á grytt svæði á ófiskgenga hlutanum.

Arið 1985 var seiðunum dreift þokkalega á ófiskgenga hluta Leirvogsa eftir leiðsögn fiskifræðings frá Veiðimálastofnun. Í seiðakönnun um haustið 1985 kom í ljós að gæði seiðanna sem sleppt var voru ekki mikil (Sigurður Guðjónsson 1986).

Í júní 1986 var frumfóðruðum seiðum af Elliðaárstofni (10.000 seiði, meðallengd 4.5 cm) sleppt í Leirvogsvatn, í Leirvogsa frá útfalli Leirvogsvatns niður undir ármót Stardalsár og í neðsta hluta Stardalsár. Sleppingin var framkvæmd af starfsmönnum Veiðimálastofnunar og Veiðifélags Leirvogsa þar sem félagar í Stangveiðifélags Reykjavíkur hurfu af vetvangi en þeir áttu að sjá um sleppinguna. Að sleppingunni var vel staðið að öllu leiti og seiðin vel á sig komin. Æskilegra hefði þó verið að hafa seiði af stofni Leirvogsa.

Leirvogsa
Köldukvísl
Smáseiðaslepping
Gönguseiði

Gönguseiðasleppingar

Gönguseiðum var einnig sleppt nú í sumar 1986 eins og undanfarin ár. Í ljós kom að gönguseiði þessi voru alls ekki gönguseiði. Tekin voru 200 seiði af handahófi í skoðun. Í ljós kom að einungis 60 % seiðanna höfðu gönguseiðaútlit. Um það bil 30% seiðanna voru kynþroska hængar og 10% voru enn með parr-merki sem þýðir að þau eiga ár í það að ná göngustærð. Auk þess voru seiði þessi illa útlitandi. Mikið var um uggaskemmdir og talsvert um augnskemmdir. Greinilegt er að illa var staðið að eldi þessara seiða. Grisjun og flokkun hafði aldrei átt sér stað og sennilegt er að seiðin hafi ekki fengið rétta birtu eða hitameðferð í eldisferlinum, eins og sést á háu hlutfalli kynþroska hængs. Alls var sleppt um 5000 seiðum af þessu tagi á 3 staði í ána. Af þeim voru valin um 1500 seiði af skárri gerðinni og þau merkt með þrem mismunandi örmerkjum. Um 500 seiðum var sleppt neðarlega í ána úr sleppikeri á árbakkanum. Á svipaðan hátt var um 500 seiðum sleppt í ána við Leirvogsvatn. Þetta var gert til að vita hvort seiði lifðu af að fara niður Tröllafoss. Um 500 merktum seiðum var síðan sleppt við Skeggjastaði auk um 3500 ómerktum í beinni sleppingu. Í seiðakönnun nú í haust kom í ljós að stór hluti "gönguseiðanna" hefur ekki farið til sjávar því þau fundust, bæði merkt og ómerkt seiði í miklum mæli í rafveiðum í grennd við sleppistaðina. Það er því greinilegt að hér er um algerlega ónothæfa vöru að ræða hjá Stanqveiðfélagi Reykjavíkur og langt í frá að hún sé söluhæf. Beini ég þeim tilmælum að þeir sem með þessi mál hafa að gera hjá því félagi taki þessi mál til vandlegrar endurskoðunnar og endirskipurleggi eldið í stöð sinni að Skóqarnesi eða hætti því ella. Félagsskapur eins og Stanqveiðifélag Reykjavíkur hlýtur að hafa sóma til að standa almennilega að fiskrækt eða þá að láta hana eiga sig. Einnig verða félagsmenn sem taka þátt í fiskræktaraðgerðum félagsins að kynna sér bestu aðferðir á hverjum tíma. Sérfræðingar Veiðimálastofnunnar eru fúsir að leiðbeina þeim þar um hvenær sem er.

Rannsókn á Leirvogsa 1986

Inngangur

Rannsókn þessi fór fram í lok september 1986. Markmið rannsóknarinnar var að fylgjast með ástandi náttúrulega seiðastofnsins svo og ástandi sleppiseiða.

Framkvæmd

Rannsóknin í ár fór fram með líku sniði og rannsóknin í fyrra (Sigurður Guðjónsson 1986). Alls var rafveitt á 10 stöðum í vatnakerfinu þar af á 3 stöðum á ófiskgenga hluta árinna. Í ár var einnig safnað hreistri af fullorðum fiski sem ekki hefur verið gert áður.

Niðurstöður og Umræða

Hreisturlestur leiddi í ljós að stærsti hluti laxins dvelur 1 ár í sjó (Mynd 1) og 3 ár í ferskvatni (Tafla 1).

Eins og áður er sagt er ekki að vænta mikils af "gönguseiðum" þeim sem sleppt var í ár. Því fæst væntanlega ekki svar á næsta ári við spurningunni hvernig seiðum reiðir af að fara niður Tröllafoss.

Útkoman úr sleppingum á frumfóðruðum seiðum á ófiskgenga hluta árinna frá því í vor er víðast hvar góð bæði hvað varðar vöxt og afkomu (Mynd 2). Svo virðist þó sem að mikil afföll hafi orðið á seiðum í Leirvogsvatni, þó vöxtur þar sé bókalegur á þeim seiðum sem þar fundust (Mynd 2). Frekari sleppingar í vatnið verða því að skoðast betur. Allavega er þessi stærð á seiðum ekki heppileg. Hugsanlega gætu stærri sleppiseiði gefið betri niðurstöðu. Sleppingin í Leirvogsa og Stardalsá er hins vegar mjög lofandi. Ennþá er þó óvíst hvernig þeim reiðir af í vetur. Því er rétt að áfram sé fylgst með þessum seiðum. En ekki er nóg að seiði dafni vel á ófiskgenga hlutanum. Þau verða að komast lifandi til sjávar. Svar verður að fást við spurningunni hvernig Tröllafoss fer með seiðin.

Það verður sennilega best gert með merktum gönguseiðum eins og ætlunin var að gera í sumar. Rétt er að hafa tvo hóp af merktum seiðum annan skammt ofan við foss og hinn rétt neðan við foss. Síðan yrði að fylgjast mjög vandlega með merktum fiski í veiði ári síðar.

Önnur leið er að litamerkja smáseiði (sumaralin) með fluorescent lit. Slíkum lit er sprautað á seiðin líkt og lakki á bíl. Liturinn sést einungis í útfjólubláu ljósi. Þyrfti því að skoða hvern einasta veiddan fisk næstu árin á eftir með sérstökum útbúnaði. Aðalókosturinn við þessa aðferð er að hún gefur svar seinna en hin og kallar á tækjabúnað og meiri skoðun á fiski í veiðihúsi.

A fiskgenga hluta árinna fannst alls staðar mikið af laxaseiðum af öllum árgöngum (Mynd 2) auk urriðaseiða (Mynd 3). Þó er minna af vorgömlum seiðum í neðri hluta árinna. Er það í samræmi við niðurstöður í rannsókninni 1985 (Sigurður Guðjónsson 1986). Sennilega ræður botngerð hér mestu um. Botngerð í neðri hluta árinna er grófari svo ekki er að vænta mikið af vorgömlum seiðum. Þrátt fyrir fáð vorgamalla seiða 1985 er talsvert af eins árs seiðum nú 1986. Því þarf ekki að hafa áhyggjur af þessu.

Niðurstöður úr hreisturlesningu gera það kleift að spá fyrir um veiðihorfur og seinna meir að skilja stofnstærðarsveiflur. Þegar lítið er á fiskgenga hlutann í heild (Mynd 4) sést að mikið er af 2 ára seiðum (Mynd 4) sem munu ganga til sjávar næsta vor (1987) og ættu því að gefa góða veiði 1988. Hins vegar er ekki að vænta mikillar veiði næsta ár (1987) því rafveiðar 1985 gáfu til kynna að lítið væri þá af tveggja ára seiðum (Mynd 5) (Sigurður Guðjónsson 1986) og hefur því væntanlega lítið farið út af seiðum síðastliðið vor (1986). Þetta byggjast þó allt á því að aldursamsetning stofnsins haldist svipuð.

Greinilegt er að talsverðar breytingar eiga sér stað á stærð laxastofnsins í Leirvogsa. Það er nauðsynlegt að áfram sé fylgst með ánni á svipaðan hátt og verið hefur síðustu tvö ár. Legg ég til að á næsta ári verði safnað hreistri eins og gert var í sumar. Einnig að litið verði eftir örmerktum fiski. Þá þarf að finna út hvernig Tröllafoss fer með seiði á niðurleið. Því það er forsenda frekari ræktunaraðgerða á ófiskgenga hluta árinna. Þá er rétt að áfram verði fylgst með ástandi seiða með rafveiðum. Vætanlega fæst þá betri skilningur á hvað veldur sveiflum í laxgengd í ána og ef til vill verður hægt að sjá slíkt fyrir og draga úr niðursveiflum með viðeigandi aðgerðum.

Rannsókn á Köldukvísl 1986

Um leið og Leirvogsa var rannsökuð var gerð stutt könnun á fiskstofnum Köldukvíslar. Í ljós kom að á ófiskgenga hluta árinna var urriði bæði í Köldukvísl sjálfri og í nyrðri Reykjaá. Urriðinn verður kynþroska eins til 3 ára og er þá á bilinu 15-25 cm á lengd. Neðan við Tungufoss voru hins vegar laxaseiði auk urriða. Voru nokkrir árgangar til staðar. Greinilegt er að lax hrygnir á hverju ári í ána. Laxinn í Köldukvísl hefur að því er virðist svipaða aldursamsetningu og laxinn í Leirvogsa (Mynd 6). Áin ofan við foss hefur á köflum að geyma ágæt uppeldissvæði fyrir lax. Með því að gera Tungufoss fiskgenganætti rækta ána upp og ná upp þokkalegustu laxveiðiá. Rafleiðni er einnig góð í vatnakerfinu eða á bilinu 95-100 $\mu\text{S}/\text{cm}$. Það bendir til að fjósemi sé mikil í vatninu. Leqg ég til að landeigendur við ána stofni veiðifélag og hefjist handa því er greinilega um ónýtta tekjulind að ræða.

Heimildir

Sigurður Guðjónsson 1986. Athugun á laxastofni Leirvogsár 1985.
Veiðimálastofnun VMSTR786010. 9. bls.

Tafla 1

Alls bárust 101 hreistur þar af voru 97 læsileg.

Allir fiskar	Ar í sjó			
	0	1	2	Alls
Ar í	1			
fersk-	2	1	1	2
vatni	3	1	75	15*
	4	2	2	4
Alls	1	78	18	97

Hængar	Ar í sjó			
	0	1	2	Alls
Ar í	1			
fersk-	2	1	1	2
vatni	3	1	32	9
	4	1	1	2
Alls	1	34	11	46


Hrygnur	Ar í sjó			Alls
	0	1	2	
Ar í	1			
fersk-	2			
vatni	3	43	6*	49
	4	1	1	2
Alls		44	7	51

* 1 hrygna að koma til hrygningar öðru sinni.

MYND 1

ÞYNGDAR DREIFING VEIDDRA

LAXA Í LEIRVOGSA 1986.




ÞYNGD.

MYND 2.

ALDUR OG LENGÐ LAXASEIÐA Í LEIRVOGSÁ 1986

FRÖLÐI

■ = KYNPROSKA HENGSEIÐI




MYND 3.

ALDUR OG LENGÐ URRÍÐASEIÐA 'A

FISKGENGAHLUTA LEIRUGSAR 1986

(ALLAR STÖÐVAR).

FISLOCI




MYND 4

ALDUR OG LENGÐ LAXASEIBA 'A

FISKGENGA HLUTA LEIRVOGSAR

1986 (ALLAR STÖÐVAR).

FÖLDI




MYND 5.

ALDUR OG LENGÐ LAXASEIBA 'A

FISKGENGAHLUTA KEFRAVAGSAR 1985

(ALLAR STÖÐVAR).

FISLDI



MYND 6.

ALDUR OG LENGÐ LAXASEIBA Á

FISKINGNA HLUTA KÖLDUKVÍSAR

1986.

FÆÐLA

